

Nd.

**279. Viðaukatillögur**

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árin 1908 og 1909.  
Frá fjárlaganefndinni.

1. Aftan við 2. gr. bætist:

Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Bergen 600 kr.

2. Í stað 7. gr. komi:

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu allt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.